

AUGLÝSING
um breytingu á aðalskipulagi Tjörneshrepps 2008-2020,
Köldukvíslarvirkjun í landi Eyvíkur og Kvíslarhóls.

Skipulagsstofnun staðfesti þann 5. febrúar 2014 breytingu á aðalskipulagi Tjörneshrepps 2008-2020 sem samþykkt var í sveitarstjórn Tjörneshrepps þann 29. júní 2013. Niðurstaða sveitarstjórnar var auglýst þann 9. ágúst 2013.

Breytingin lýtur að texta í kafla 2.4.2 í greinargerð um Köldukvíslarvirkjun þar sem uppsett afl virkjunarinnar verður aukið úr 2,0 MW í allt að 2,8 MW.

Málsmeðferð var samkvæmt 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsstofnun, 5. febrúar 2014.

Ásdís Hlökk Theodórsdóttir.

Ottó Björgvin Óskarsson.